

A 1753/holdbart

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

Þingmannatillaga um plastagnir í drykkjarvatni**Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún stuðli að því að fram fari rannsókn á magni plastagna í drykkjarvatni á Norðurlöndunum;

að hún stuðli að auknum rannsóknum sem svari spurningunum; hvernig geta plastagnir endað í drykkjarvatni og hvort heilsufarshætta stafi af og ef svo er hvaða afleiðingar það geti haft fyrir menn.

Aðdragandi

Ríkisstjórnir Norðurlandanna ræða oft vandamál tengd plasti og örplasti á hafsvæðum okkar. Þetta er stórt og mikilvægt umhverfismál. Náttúran getur ekki brotið plastið niður, heldur sundrast það og breytist í örplast sem skaðar dýr og náttúru. Mörg spendýr festast í plastinu og drepast í kjölfarið. Fyrri rannsóknir hafa fyrst og fremst einblínt á plast og mengun hafsins og bent á að menn fá örplast í sig þegar þeir borða fisk.

Nýlega birtist rannsókn sem var unnin af Orb Media en hún sýnir að drykkjarvatnið í mörgum löndum inniheldur plastagnir, samkvæmt sænska dagblaðinu Dagens Nyheter (6. september 2017). Rannsóknin fór fram í fjölda landa um heim allan. Vatnið í 83 prósentum sýnanna innihélt plastrefjar. Magn plasts í vatninu er ólíkt eftir löndum, það er til dæmis hærra í Bandaríkjunum (94 prósent) og lægra í Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi (72 prósent). Rannsóknin mældi ekki magn plastagna í drykkjarvatni á Norðurlöndunum.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að plastagnir hafa áhrif á dýralíf og niðurstaðan er áhyggjuefni. Ef plastið hefur áhrif á dýr, þá mun það einnig hafa afleiðingar í för með sér fyrir menn. Hætta er á að örplastið geti bundið eitrefni og náð inn í frumur líkamans. Fræðimenn vita ekki hvernig agnirnar enda í drykkjarvatni, en telja að það verði að rannsaka. Þeir telja líka að frekari rannsókna sé þörf til að kanna afleiðingarnar og heilsufarshættu fyrir menn.



Helsinki, 30. október 2017

Annette Lind (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Sonidsson (S)

Henrik Dam Kristensen (S)

Ineqi Kielsen (S)

Ingalill Olsen (A)

Johan Andersson (S)

Jorodd Asphjell (A)

Karen J. Klint (S)

Karin Gaardsted (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Martin Kolberg (A)

Orla Hav (S)

Peter Johnsson (S)

Phia Andersson (S)

Pyry Niemi (S)

Rikard Larsson (S)

Ruth Mari Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Tony Wikström (ÅSD)